

Hrunamannahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Akurgerði 6 Flúðum
845 Hrunamannahreppur

Garðabær, 17. desember 2024
Málsnúmer: 202412-0032
LA

Efni: Stækkun efnistökusvæðis í landi Kópsvatn. Aðalskipulagsbreyting.

Vísað er í bréf frá Hrunamannahreppi í gegnum Skipulagsgátt, dags. 12. desember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingar á Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Breytingin felur í sér að efnistökusvæðið E28 í landi Kópsvatns er stækkað úr 1,5 ha í 24 ha. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð um aðalskipulagsbreytingar.

Fyrirhugað efnistökusvæði er ekki innan svæðis á náttúruminjasrá en hverfisverndarsvæðið Kópsvatn og Kópsvatnseyrar (HV8) liggur vestan og austan við efnisnámuna. Kópsvatn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Efnistökusvæðið samanstendur af túni og öðru landi sem ber nokkur merki um rask, en samt sem áður má gera ráð fyrir þó nokkru varpi fugla innan og í nálægð framkvæmdasvæðisins. Fjölbreytt fuglalíf er við hverfisverndarsvæðin og svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandsundirlendi. Fram kemur í greinargerð að leitast skal við að taka tillit til fugla á varptíma og að haga efnistöku þannig að hún hafi sem minnst áhrif á fugla á nærliggjandi svæðum, einkum á varptíma. Þá ber einnig að gæta þess að efnistaka hafi ekki neikvæð áhrif á nærliggjandi votlendi við Kópsvatn.

Veðurstofa Íslands hefur gefið út skýrslu um hættumat vegna vatnsflóða í Hvítá í Árnessýslu og Ölfusá¹ og skarast efnistökusvæðið við flóðahættusvæði. Full ástæða er að taka tillit til þessarar náttúruvár, en fram kemur í greinargerð að almennt verði árbökkum ekki raskað þar sem þeir virki sem náttúrulegur varnargarður.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

¹ Emmanuel Pagneux, Matthías Á. Jónsson, Bogi B. Björnsson, Sif Pétursdóttir, Njáll F. Reynisson, Hilmar B. Hröðmarsson, Bergur Einarsson og Matthew J. Roberts, 2019. Hættumat vegna vatnsflóða í Ölfusá. Veðurstofa Íslands, VÍ-2019-013. (https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_013_.pdf)

